

Alþingi
Erindi nr. P 139/167
komudagur 8.11.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2010


Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), þskj. 116 – 108. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. BSRB fagnar því að frumvarp sé lagt fram til að taka á þeim vanda sem stórir hópar eiga að glíma við. Ljóst er að til sértækra aðgerða verður að grípa fyrir þá sem í verstri stöðu eru.

BSRB veltir því hins vegar upp hvort óheppilegt sé að fyrningarfrestur sé styttri en sá tími sem gefinn er í greiðsluáðlögun. Þó er að einhverju leyti sleginn varnagli við því í frumvarpinu, þar sem dómari þarf að fallast á að krafa falli niður að tveimur árum liðnum.

BSRB lýsir sig sammála aðalbreytingu frumvarpsins; þ.e. að ekki sé hægt að viðhalda kröfu endalaust með því að slíta fyrningarfresti, líkt og nú er. Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi þarf að grípa til sérstakra ráða. Fordæmislaust ástand efnahagsmála má ekki verða til þess að fólk verði dæmt úr leik í samfélaginu árum og jafnvel áratugum saman.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri